

Nd.

212. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á ýmsum vörum.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr.

a) Aftan við *a*-lið bætist: nema skipsbrauð og kringlur.

b) Úr *g*-lið falli: kaffibætir.

c) Inn í *i*-lið bætist á eftir »nema tvistdúkur«: flónel, ermashirting, lasting.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs þriggja manna verðlagsnefnd til þess að hafa eftirlit um framkvæmd laga þessara. Skal hún leggja lag á innlendan iðnaðarvarning, sem bannaður er innflutningur á, og allan bannvarning eftir 1. gr., sem í landinu er þegar lögin ganga í gildi. Enginn má slíkan bannvarning til sölu hafa fyr en verðlagsnefnd hefir veitt leyfi til þess og fullnægt er fyrir mælum 5. gr. um framtal og afgjald.

Lögreglustjórar skulu skyldir að aðstoða verðlagsnefnd um alt, er að framkvæmd laganna lýtur, og hafa eftirlit með því, að þeim sje hlýtt.

Stjórnarráðið getur, eftir ósk sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, auk þess löggilt eftirlitsmenn þar, sem þörf þykir á.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Eigi síðar en 6 vikum eftir að lög þessi öðlast gildi skulu allir vöruinnflytjendur og verslanir senda stjórnarráðinu sundurliðaða skýrslu um bannvörubirgðir sínar, eins og þær voru er lögin gengu í gildi, með tilgreindu innkaupsverði að viðbættu flutningskaupi til landsins. Skýrslurnar skulu undirritaðar af eiganda eða prókúruhafa og lagt við drengskaparorð um það, að rjett sje frá skýrt.

Afrit af skýrslunum skal jafnframt sent hlutaðeigandi lögreglustjóra ásamt 3 % sölugjaldi í ríkissjóð af samanlögðu verði bannvörunnar eftir framansögðu. Lögreglustjóri tilkynnir verðlagsnefnd greiðsluna þegar í stað, og skal hún þá veita söluleyfi og ákveða hámarksverð á þeim ýmsu vörum, og má það aldrei fara fram úr 30 % álagningu á innkaupsverðið með farmgjaldi. Söluleyfið gildir til ársloka 1924. Þeir, sem þá eiga bannvöru óselda, geta með sama hætti og fyr segir fengið söluleyfi framlengt til ársloka 1925, og skulu þeir fyrir slíkt leyfi greiða 5 % í ríkissjóð af frumverði bannvöruleifanna eftir framansögðu.

Sama meðferð gildir um bannvöruleifar þær, sem eftir kunna að vera í árslok 1925 og seljast á árinu 1926.

4. Á undan 6. gr. komi ný gr., sem verður 6. gr., þannig:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og störf verðlagsnefndar.

Kostnaður allnr af framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.

Greinatala breytist eftir þessu og atkvæðagreiðslu.